



Nefndasvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 29. maí 2017

Efni: Umsögn Stúdentaráðs Háskóla Íslands um breytingu á lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna, nr. 21/1992, með síðari breytingum (endurgreiðsla og niðurfelling lána).

Stúdentaráð Háskóla Íslands telur umræddar breytingar á lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna vera æskilegar. Ráðið telur þær breytingar er varða niðurfellingu skulda við 67 ára aldur, fyrir þá einstaklinga, sem tekið hafa námslán fyrir 54 ára aldur, vera af hinu góða. Þeir einstaklingar sem tekið hafa námslán og náð 67 ára aldri hafa nýtt menntun sína í þágu samfélagsins, óháð tekjum sem þeir hafa aflað sér fyrir þann aldur. Þá telur ráðið mikilvægt að komið verði til móts við þá sem glíma við langvarandi veikindi, fötluð eða örorku og geta þ.a.l. ekki greitt af lánunum sínum.

Virðingarfyllst f.h. Stúdentaráðs Háskóla Íslands

Ási Þórðarson varaformaður Stúdentaráðs Háskóla Íslands

Ragnar Auðun Árnason lánasjóðsfulltrúi Stúdentaráðs Háskóla Íslands

